

Wizerkaniuk gegn Póllandi

Dómur frá 5. júlí 2011

Mál nr. 18990/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Prentlög. Refsiákvæði. Blaðamenn.

1. Málsvik

Kærandi, Jerzy Wizerkaniuk, er pólskur ríkisborgari, búsettur í Koscian í Póllandi. Hann var áður aðalritstjóri dagblaðsins *Gazeta Koscianska* en hann var einnig meðeigandi blaðsins.

Í febrúar árið 2003 tóku tveir blaðamenn blaðsins viðtal við pólskan þingmann. Viðtalið fór fram á skrifstofu þingmannsins og var tekið upp. Þingmaðurinn bannaði blaðinu að birta viðtalið eftir að texti þess hafði verið borinn undir hann. Um tveimur mánuðum síðar birti blaðið engu að síður beinar tilvitnanir úr viðtalinu. Tekið var fram að þingmaðurinn hefði bannað blaðinu að birta viðtalið.

Þingmaðurinn kærði athæfi blaðsins. Í kjölfarið gaf saksóknari út ákæru á hendur kæranda en samkvæmt pólskum prentlögum var refsivert að birta viðtal án samþykkis viðmælanda. Kærandi var sakfelldur og hann dæmdur til að greiða sekt.

Meirihluti dómara við stjórnlagadómstól Póllands taldi að umrætt refsíákvæði pólsku prentlaganna bryti ekki í bága við stjórnarskrá landsins. Afstaða dómstólsins var reist á því sjónarmiði að einkaréttarleg úrræði myndu ekki gagnast borgurunum til að bregðast við þeim brotum sem refsíákvæðinu væri ætlað að sporna við. Auk þess taldi dómstóllinn að refsíákvæðið tæki ekki til tilvika þegar blaðamenn vísuðu óbeint til orða viðmælanda sinna án samþykkis þeirra.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sú refsing sem hann hafði þurft að sæta bryti í bága við 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn leit til þess að viðmælandi blaðs kæranda hefði verið stjórnmalamaður og að efni viðtalsins hefði lotið að stjórn mála- og viðskiptaatferli hans. Hann þyrfti því að þola harðari gagnrýni á sig á opinberum vettvangi en aðrir einstaklingar. Dómstóllinn rakti síðan að hið umdeilda refsíákvæði væri afdráttarlaust og að staða viðmælanda og efni viðtala skiptu ekki máli við mat á því hvort reglan ætti við. Hún fældi blaðamenn frá því að styggja viðmælendur sína. Dómstóllinn taldi að einkaréttarleg úrræði nægðu til að vernda hagsmuni viðmælanda í slíkum tilvikum. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að hin afdráttarlaus regla sem fram kæmi í refsíákvæði pólsku prentlaganna bryti í bága við 10. gr. sáttmálans. Sérstaklega var bent á að svo virtist sem pólski ríkissaksóknarinn, umboðsmaður pólska þingsins og forseti pólska þingsins væru sömu skoðunar og dómstóllinn. Einnig var talið þversagnakennt að lögin virtust bitna sérstaklega á þeim blaðamönnum sem væru nákvæmir í vinnubrögðum og vitnuðu orðrétt í viðmælendur sína.

Kæranda voru dæmdar 256 evrur í bætur fyrir fjártjón en 4 þúsund evrur í miskabætur. Honum voru einnig dæmdar 4.100 evrur í málskostnað.

Tveir dómarar skiluðu sameiginlegu sératkvæði þar sem komist var að sömu niðurstöðu og í atkvæði meirihlutans.